

BORGARRÁÐ 9. mars 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stöðu borgarskjalasafns í skipuriti borgarinnar – PON23010028

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um af hverju Borgarskjalasafn heyri undir sviðsstjóra þjónustu- og nýsköpunarsviðs (PON) í skipuriti borgarinnar. Spurt er hvort það sé rétt staðsetning í skipuriti í ljósi þess að að þjónustu- og nýsköpunarsvið ætti að vera svið sem styður við aðrar stofnanir borgarinnar en á ekki að vera valdastofnun. Undir þetta sjónarmið er t.d. tekið í nýrri skýrslu KPMG um framtíðarskipulag Borgarskjalasafns en þar segir: „Til að safnið geti sinnt lögbundnu eftirlitshlutverki sínu þarf að tryggja sjálfstæði þess gagnvart stjórnendum borgarinnar. Óhæði safnsins er lykilatriði í eftirliti með skjalamyndun og skjalavörslu. Má ætla að núverandi staðsetning í skipuriti, undir þjónustu- og nýsköpunarsviði (PON), hafi áhrif á sjálfstæði safnsins. Þar sem PON ber ábyrgð á skjalavörslu borgarinnar þá er í raun bæði eftirlit skjalavörslu og framkvæmd skjalavörslu á höndum sama aðila. Ein leið til að auka sjálfstæði væri að færa safnið í skipuriti til t.d. innri endurskoðunar svo hægt sé að draga skýrari línur milli framkvæmdar skjalavörslu og eftirlits með skjalavörslu.“